

Aðalfundur Öldungadeildar Ský árið 2014

“Skýrslufundurinn”

Haldinn í húsnæði Nýherja, Borgartúni, 25. febrúar 2014 og hófst kl. 12:00

Áður en gengið var til formlegra fundarstarfa nutu fundarmenn glæsilegra veitinga í boði Nýherja. Bergsveinn Þórarinsson flutti léttu tölu um fyrirtækið og starfsemi þess. Gerður var góður rómur að þessu fyrirkomulagi og gestrisnin þökkuð.

Formaður, Þorsteinn Hallgrímsson setti fundinn og stakk up á Jóhanni Gunnarssyni sem fundarstjóra og Ágústi Ú. Sigurðssyni sem fundarritara.

Fundarstjóri lýsti fundinn löglegan.

Formaður kynnti (drög að) skýrslu Öldungadeildar til stjórnar Ský um starfsemi á árinu 2013.

Allmiklar umræður spunnust um skráningu og varðveislu á tækjum en stóra málið var það hvort og hvernig félagið gæti staðið að skrá og gefa út rit um hálftrar aldar sögu upplýsingatækninnar á Íslandi.

Bent var á að sambærileg verkefni hafi verið unnin hjá öðrum félögum þar sem frumupplýsingum var ýmist safnað með spurningalistum eða viðtölum. Reynslu þeirra mætti nýta.

Formaður upplýsti að þegar hafi borist loforð um nokkuð fé til að setja undirbúning að fjársöfnun af stað, en þó ekki nóg. Von er á svári frá fleiri aðilum á næstu dögum.

Fram kom sú skoðun fundarmanns að heildarkostnaður verksins væri vanáætlaður. Til að ráða betur við kostnaðinn mætti skipta verkinu og taka styttra tímabil en 50 ár í fyrsta áfanga.

Annar mæltist til að nota frekar orðið félagi en meðlimur.

Ekki voru gerðar aðrar athugasemdir við skýrsluna og skoðast hún því samþykkt.

Næsta mál á aðalfundi var stjórnarkjör.

Enginn stjórnarmanna hafði óskað eftir því að ganga úr stjórn og engin framboð til stjórnar höfðu borist. Var því fyrri stjórn sjálfkjörin.

Jóhann Gunnarsson vakti athygli fundarmanna á HINC ráðstefnunni, sem verður haldin 13 til 15. ágúst í Kaupmannahöfn.

Einnig vakti Jóhann athygli á hinu bandaríska safni, Computer History Museum í Mountain View, Kaliforníu, en það býður upp á margvíslegan fróðleik og uppákomur. Rifjuð var upp gömul hugmynd um að kanna áhuga á hópferð á þær slóðir.

Framkvæmdastýra Ský lýsti sig reiðubúna til að varðveita heildarskrá yfir safnmuni sem eru í vörslu félagsins og velunnara þess og miðla til þeirra sem vilja meta söfnunargildi tækja sem eru í þeirra vörslu eða innan seilingar.

Fjöldi fundarmanna var 13.

Fundinum lauk um kl. 13:40

ÁÚS